

# Fornleifakönnun við Aðalstræti 10




Guðrún Alda Gísladóttir og Howell M. Roberts

**Fornleifastofnun Íslands**  
**FS273-05031**  
**Reykjavík 2005**

© *Fornleifastofnun Íslands*  
*Bárugötu 3*  
*101 Reykjavík*  
*Sími: 551 1033*  
*Fax: 551 1047*  
*Netfang: fsi@instarch.is*

# Fornleifakönnun við Aðalstræti 10

Þann 21. janúar og 2. febrúar 2005 grófu fornleifafraeðingar frá Fornleifastofnun Íslands könnunarskurði á svæði sem er vestan hússins við Aðalstræti 10 skv. beiðni Minjasafns Reykjavíkur. Svæði þetta er á fyrirhuguðu byggingarsvæði.



Mynd 1: Yfirlitsmynd af svæðinu. Bláu svæðin sýna staðsetningu könnunarskurðina. Norður er upp.

**Markmið** með greftri könnunarskurðanna var að ganga úr skugga um hvort fornleifar væru á svæðinu.

Svæðið er 12,6 metra langt nálega N-S og 10,8 metra langt nálega A-V. Það afmarkast af húsinu við Aðalstræti 10 að austanverðu og Aðalstræti 12 að sunnanverðu. Að vestanverðu takmarkast könnunarsvæðið af hlöðnum vegg (úr steypusteinum) á lóðamörkum við Bröttugötu 3a og að Bröttugötu að norðanverðu.

## **Framkvæmd**

Vél- og handgrafnir voru fimm skurðir, A, B, C, D og E. Öll lög voru skráð: teiknuð, mæld og lýst, með hefðbundnum aðferðum. Auk þess voru teknar ljósmyndir eins og tilefni gaf til. Svæðið var mælt með alstöð.


## Lýsing á könnunarskurðunum og jarðlögum sem voru grafinn upp

### Könnunarskurður A

Austurhlið könnunarskurðar A takmarkast af steinsteyptum vegg sem liggur á klöpp (sami veggur og takmarkar B). Fyrir veggnum hafði verið grafinn u.þ.b. 0.8 metra breiður skurður og var sá fullur af mól. Skurðurinn markaði vestursniðið sem teiknað var - 2,5 metra langt N-S. Suðurhlið könnunarskurðarins takmarkaðist af ferköntuðum steypum stöpli sem einnig liggur á klöpp (sami og takmarkar B) og norðurhlið af Bröttugötu. Sniðið var mest 0,65 metra hátt.

Þau jarðlög sem sáust í sniðinu eru eftirfarandi:

Jarðlög (context)	Lýsing á jarðlögum í könnunarskurði A
[1]	Yfirborðslag. Rauðbrúnt leirkennt moldarlag. Mikið blandað mól, múrsteinsbrotum, timbri, kol og brennd bein (15%).
[2]	Fínleg mól (2-10 mm) í brúnu moldarlagi.
[3]	Móaska og kol. Einstaka múrsteinsbrot (<1%).
[4]	Dökk-grábrúnt blandað lag með lífrænum leifum og svargráum línunum. Einstaka smásteinar og kol (<1%).
[5]	Midden. Dökkt rauðbrúnt leirkennt moldarlag. Járnútfellingar neðst í laginu.
[6]	Skurður? Sker lag [7].
[7]	Hreint dökk gulbrúnt/grábrúnt lag. Einstaka svartir flekkir neðst í laginu.
[8]	Skurður. Sker lag [15].
[9]	Líkt [4] með appelsínugulum línunum og steinum.
[10]	Skurður. Sker lag [15]. E.t.v. fyrir lögn.
[11]	Blandað rauðbrúnt lag.
[12]	Skurður. Sker lag [15]. E.t.v. fyrir lögn.
[13]	Sama lag og [9].
[14]	Skurður. Sker lag [15]. E.t.v. fyrir lögn.
[15]	Samanþjappað svargrátt lífrænt lag. Líklega náttúrulegt.




### Könnunarskurður B

Austurhlið könnunarskurðar B takmarkast af steinsteyptum vegg sem liggur á klöpp (sami veggur og takmarkar A). Fyrir veggnum hafði verið grafinn u.þ.b. 0.8 metra breiður skurður og var sá fullur af möl. Skurðurinn markaði það snið sem teiknað var - 4,5 metra langt N-S. Suðurhlið könnunarskurðarins takmarkast af stétt að vestan og norðurhlið af ferköntuðum steypum stöpli sem einnig liggur á klöpp (sami stöpull og takmarkar A). Sniðið var mest 0.72 metra hátt.

Nokkrir gripir voru í yfirborðslagi [16], þakflísar úr steini, glerbrot og brot úr leirilátum. Alla má með nokkurri vissu tímasetja til 19. aldar.

Þau jarðlög sem sáust í sniðinu eru eftirfarandi:

Jarðlög (context)	Lýsing á jarðlögum í könnunarskurði B
[16]	Gráleitt gróft yfirborðslag. Blandað möl, kolum, ösku, þakflísum, glerbrotum, leirkersbrotum.
[17]	Grábrúnt lag - líklega öskuhaugslag. Kol, móaska, brennd bein, skeljar og dýrabein (mulningur).
[18]	Gróft svargrátt lag, líkt [16] en mun öskuhaugslegra. Hærra hlutfall beinmulnings (bæði brennd og óbrennd), kola. Smásteinar (< 1%).
[19]	Skurður. Sker [20]
[20]	Rauðbrúnt og skært á litinn, leirkennt. Einstaka kolaflekkir í norðhluta lagsins (< 1%).
[21]	Samanþjappað gráleitt lag, leirkennt. Grjót neðst í laginu, hluti af klöppinni.




Mynd 2: Teikning af sniði í könnunarskurði B.

### Könnunarskurður C

Könnunarskurður C er 9 metra langur N-S og 1 m breiður. Hann er á svæði milli tveggja steinsteypra veggja sem grafið hefur verið fyrir niður á klöpp með tilheyrandi raski og uppfyllingu. Í stuttu máli voru öll jarðlög hreyfð niður á klöpp. Nyrstu 7 metrarnir samanstóðu af malarbornu yfirborðslagi [22] og rauðamöl [23] beint ofan á klöppinni. Tveggja metra snið fékkst syðst við austurhlíð könnunarskurðarins. Aðeins tvö nokkuð heilleg múrsteinsbrot fundust í skurðinum, brúndrappað og rautt á litinn. Bæði eru efst úr lagi [24]. Brotin má með með nokkurri vissu tímasetja til 18.-19. aldar. Sniðið var mest 0,6 metra hátt.

Þau jarðlög sem sáust í sniðinu eru eftirfarandi:

Jarðlög (context)	Lýsing á jarðlögum í könnunarskurði C
[22]	Yfirborðslag - grátt malarlag blandað dóti úr framkvæmdum við Aðalstræti 10, speglabrotum, nöglum og timbri o.fl.
[23]	Rauðamöl.
[24]	Samanþjappað leirkennt lag með járnútfellingum. Einstaka svarbláir flekkir. Grjóthnullungar við botninn, ofan á klöppinni. Efst í laginu var múrsteinsmulningur.



Mynd 4: Könnunarskurður B næst, þá stöpullinn.  
Könnunarskurður A fjarst.  
Horft í norður





Mynd 5: Klöpp beint undir rauðamöl í norðurenda könnunarskurðar C.

### **Könnunarskurður D**

Könnunarskurður D er á norðanverðu svæðinu, milli tveggja steinsteypra veggja. Hann var vélgrafinn, sa. 1,5 x 1,5 metra stór. Engar fornleifar sást í skurðinum. Beint ofan á klöppinni var möl og rauðamöl. Ljóst er að hafi minjar verið þarna hefur þeim verið spillt með framkvæmdum á 20. öld.

### **Könnunarskurður E**

Könnunarskurður E er á sunnanverðu svæðinu, milli tveggja steinsteypra veggja. Skurðurinn var vélgrafinn, sa. 1,5 x 1,5 metra stór. Engar fornleifar sást í skurðinum. Beint ofan á klöppinni var möl og rauðamöl. Ljóst er að hafi minjar verið þarna hefur þeim verið spillt með framkvæmdum á 20. öld.

### **Niðurstöður**

Í næsta nágrenni könnunarsvæðisins hafa fundist minjar frá víkingaöld og miðöldum, en könnunarskurðir þeir er gerðir voru nú gáfu engar vísbendingar um að minjar frá þeim tímum væru á þessu afmarkaða svæði. Ekki fundust bein merki minja frá tíma Innréttinganna á 18. öld, nema múrsteinsbrot og brot úr þakflísum sem eru líklega úr húsinu sjálfu (Aðalstræti 10). Austurhluti svæðisins (könnunarskurðir C-E) var mikið raskaður, líklega vegna byggingaframkvæmda á 20. öld. Á klöppinni sást merki þess að í hana hafði verið borað, hugsanlega vegna sprenginga fyrir húsgrunni. Á vesturhluta svæðisins (könnunarskurðir A og B) hefur orðið rask vegna niðurgraftar fyrir steinsteyptum vegg. Þó fundust mannvistarlög á þessu svæði, líkust sorplögum. Lög þessi innihéldu beinamylnu, brennda og óbrennda, glerbrot og brot úr leirílátum. Í efstu lögunum mátti finna 20. aldar úrgang frá framkvæmdunum sem nú standa yfir. Ljóst er að þetta svæði er allt mikið raskað vegna byggingaframkvæmda á 20. öld. Vegna fyrirhugaðra byggingaframkvæmda á svæðinu verður að fjarlægja ofangreind mannvistarlög. Fornleifavernd ríkisins ber að ákvarða með hvaða skilyrðum það verður gert.

## Gripaskrá

Númer	Tegund	Efni	Fjöldi	Þyngd (g)	Lýsing
1	Þakflís	Steinn (slate)	5	835	Flatar þakflísar úr steini.
2	Ílát	Leir	2	8	Hvítglerjuð. Botnbrot af undirskál og ?belgbrot.
3	Flaska	Gler	2	32,5	Brún litin. Belg-og botnbrot.
4	Múrsteinn	Leir	2	1310	Brúndrappað og rautt brot).